



16.11.2022

Tilvísun: T-2022-104/10.00

## Fundargerð

**Fundarstaður:** Bæjarskrifstofa Múlaþings**Tími:** 14:00**Fundinn sátu:**

Kristín Linda Árnadóttir (LV)  
Gunnar G. Tómasson (LV)  
Jóna Bjarnadóttir (LV)  
Óli Grétar Blöndal Sveinsson (LV)  
Berglind Harpa Svavarsdóttir (MÞ)  
Björn Ingimarsson (MÞ)

**Fjarverandi:****Eftirfarandi mál voru rædd:**

### 1. Inngangur frá Landsvirkjun

Farið yfir stöðu í orkumálum, atvinnuþróun og nýsköpun og nýja samfélagsstefnu Landsvirkjunar og markmið hennar. Einnig var rætt um áskoranir sem voru í virkjunarkerfi Landsvirkjunar s.l. vetur, en skerða þurfti orkuafhendingu frá desember fram í apríl.

### 2. Leigusamningur á rými í menningarhúsi Múlaþings (Sláturhúsið)

Samkomulag milli Landsvirkjunar og Fljótsdalshéraðs felur í sér fyrirframgreidda leigu til 10 ára á rými í Menningarhúsi Múlaþings (Sláturhúsið). Heildargreiðslur nema 100 mkr: 50 mkr við undirritun (þegar greitt) og 25 mkr þegar rýmið er tilbúið til innréttunar og svo lokagreiðsla 25 mkr þegar rými er fullfrágengið. Rýmið hefur verið afhent til uppsetningar. Áform er um að opna sýninguna Jarðtenging í byrjun desember. Sýningin fjallar um loftlagsmál og er unnin af nemum í Listaháskóla Íslands. Einnig kom fram að framtíðaráform Landsvirkjunar fyrir rýmið eru óljós. Óvíst er að Landsvirkjun setji upp sýningu til frambúðar í rýminu en rýmið myndi þá í staðinn nýttast þriðja aðila eða sveitarfélaginu. **Nánari skoðun á eftir að fara fram á þessum málum og munu Landsvirkjun og Múlaþing ræða þessi mál nánar.**

### 3. Rofvarnir í Lagarfljóti og við Jöklu

Farið var yfir stöðu mótvægisáðgerða vegna landbrots í Lagarfljóti og við Jöklu skv. minnisblaði, en fastri upphæð er varið árlega í rofvarnir. Á árinu 2021 var lögð 350 m bakkavörn í landi Skriðuklausturs. Á árinu 2022 var lögð 1.300 m löng bakkavörn neðan Langarfljótsbrúar. Á árunum 2023 og 2024 er gert ráð fyrir að fara í rofvarnarverkefni við Skeggjastaði (Jökuldal), Rangá og Viðivelli Ytri.

### 4. Ós Lagarfljóts og Jöklu

Árið 2014 var ósinn grafinn út eftir að hafa færst meira en 3 km til vesturs á árunum frá því Fljótsdalsstöð var tekinn í rekstur. Var talinn hætta á að ósinn héldi áfram í vestur og yfir í ós Fögruhlíðarár. Frá því að ósinn var grafinn út hefur hann færst hægfara til vesturs en er ennþá á þeim slóðum sem hann hefur náttúrulega verið á síðustu áratugi fyrir virkjun.



## 5. Seiðasleppingar og lífríki í Lagarfljóti

**Seiðasleppingar:** Að frumkvæði Veiðifélag Lagarfljóts var haustið 2013 ákveðið að hefja rannsóknarverkefni til að skoða möguleika á mótvægisaðgerðum í Lagarfljóti. Árið 2016 fóru fyrstu sjógönguseiðin í sleppitjörn í Uppsalaá. Síðan þá hafa 40 – 50 þúsund seiðum verið sleppt árlega. Árangur hefur verið nokkuð góður og hafa yfir 200 laxar veiðst í Lagarfljóti síðustu ár. Í samanburði er meðalveiði síðustu áratuga er nálægt 100 löxum. Náttúruleg hrygning laxa í Uppsalaá er staðfest og unnið er að koma upp laxastofnum í fleiri hliðarám Lagarfljóts og árið 2021 var seiðum sleppt í Eyvindará, Grímsá og Kelduá.

**Lífríki í Lagarfljóti:** Við byggingu Fljótsdalsstöðvar jókst svifaur í Lagarfljóti og nær því sólarljós skemmra ofan í vatnið en áður. Eins og búist var við hefur þetta þau áhrif að dregið hefur úr framleiðni Lagarfljóts. Hafrannsóknastofnun vaktar Lagarfljót reglulega að beiðni Landsvirkjunar og eru niðurstöður þær að bleikju og urriða hefur fækkað í kjölfar byggingu Fljótsdalsstöðvar vegna minnkandi framleiðni Lagarfljóts.

## 6. Sjálfbærni-verkefnið

Farið var í uppfærslu á heimasíðu sjálfbærni-verkefnisins þar sem kerfið sem studdi hana var gamalt og stefndi í að hætt yrði að viðhalda því. Íslenska síðan er tilbúin og stefnt á að enska útgáfan verði tilbúin í haust (október / nóvember).

- <https://www.sjalbbaerni.is/>

## 7. Eftirlit Orkustofnunar með virkjunarleyfi Fljótsdalsstöðvar

Engar athugasemdir hafa borist frá Orkustofnun við árlegum gögnum sem Landsvirkjun sendi stofnunni í vor.

### Önnur mál:

- Rætt var lauslega um fasteignagjöld af mannvirkjum (öðrum en stöðvarhúsi) og vatnsréttindum.
- Einnig var rætt um Landbótasjóðinn sem er verkefni sem hefur tekist vel til. Samningurinn rennur út á árinu. **Rætt var um að fara í viðræður um framhald verkefnisins og jafnvel með breyttu fyrirkomulagi.**
- Múlaþing er að búa til loftlagsstefnu og hefur áhuga á samvinnu við Landsvirkjun.
- Rætt var um næsta áfanga Safnahúss, burst 2. Hugmyndin er að þar sé aðstaða fyrir vísinda- og fræðafólk á sviði náttúruvísinda og nýsköpunar. **Múlaþing hefur áhuga á að ræða mögulega aðkomu Landsvirkjunar.**
- **Næsti fundur í tengslum við ársfund Sjálfbærni-verkefnisins 2023.**

**Fundi slitið kl. 15:45.**

**Fundarritari: ÓGS**

Viðhengt með fundargerð:

1. Kynning Landsvirkjunar
2. Minnisblað um mótvægisaðgerðir vegna landsbrots